

KALKÞÖRUNGAVERKSMIÐJA Á BÍLDUDAL

HLJÓÐKORT

VERKNÚMÉR: 08351-011

DAGS.: 2016-12-22

HÖFUNDUR: Arnheiður Bjarnadóttir

DREIFING: Einar Sveinn Ólafsson

Efni: Hljóðkort við Kalkþörungaverksmiðjuna á Bíldudal

Meðfylgjandi eru tvö hljóðkort; annars vegar reiknað hljóðstig frá Kalkþörungaverksmiðjunni eingöngu en hitt er einnig með hljóðstigi frá Arnarlaxi.

Hljóðstig er reiknað með SoundPLAN 7.4, með mældu hljóðstigi.

Mörk fyrir hávaða frá atvinnustarfsemi er sem hér segir skv. Reglugerð um hávaða nr 724 frá 2008.

Tafla III. Mörk fyrir hávaða frá atvinnustarfsemi.							
Tegund húsnæðis	Mörk fyrir atvinnustarfsemi						
	L _{Aeq} (07-19)		L _{Aeq} (19-23)		L _{Aeq} (23-07)		L _{Amax} nótt
	Við húsvegg	Inni	Við húsvegg	Inni	Við húsvegg	Inni	Inni
Íbúðarhúsnæði á íbúðarsvæðum	50	30	45	30	40	25	40
Íbúðarhúsnæði á verslunar-, þjónustu- og miðsvæðum	55	30	55	30	40	30	45
Dvalarymi á þjónustustofnunum þar sem sjúklingar eða vistmenn dvelja yfir lengri tíma	60*	35	50*	35	50*	30	45
Iðnaðarsvæði og athafnasvæði	70		70		70		
Fristundabyggð	35		35		35		35
Leik- og grunnskólar	50*	30					
Kennslurými framhaldsskóla		30					
Hávaðalitlir vinnustaðir, s.s. skrifstofur og sambærilegt		30					

Til að uppfylla reglugerðina má hljóðstig ekki fara yfir 50/45/40 dB(A) (dagur/kvöld/nótt) við íbúðarhús.

Eins og sjá má á hljóðkortunum er hljóðstig hærra við íbúðarhús næst kirkjunni, Tjarnarbraut 10. Hljóðstig er yfir 50 dB(A) fyrir bæði tilvik; eingöngu Kalkþörungaverksmiðjan og með viðbættu hljóðstigi frá Arnarlaxi. Það þýðir að hljóðstig er yfir mörkum á öllum tímum sólarhrings.

Næsta íbúðarhús er Tjarnarbraut 9. Hljóðstig þar er rétt yfir 40 dB(A) (næturviðmið) ef samanlagða hljóðstigið frá báðum verksmiðjum er reiknað. Ef eingöngu er tekið hljóðstig frá Kalkþörungaverksmiðjunni er hljóðstig undir viðmiðunarmörkum.

Hljóðstig við leikskóla má ekki fara yfir 50 dB(A) en það reiknast mest rétt yfir 40 dB(A) og er því ekki yfir viðmiðunarmörkum.

Annars staðar í bænum fer hljóðstig ekki yfir viðmiðunarmörk.